



Sameiginlegur stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi og Textílseturs Íslands haldinn miðvikudaginn 7. september 2016 kl.13:30.

Dagskrá:

1. Ráðstöfun aukafjármagns frá Norðvesturnefndinni
 - a. Fjárhagsáætlun 2016/2017
 - b. Fyrirkomulag greiðslna og eignahald kennslutækja ofl.
 - c. Framhald 2017
2. Verkefni „Coldwaterknit“
 - a. Staða mála
 - b. Framlög í verkefni
3. Framkvæmdir í Lönguvitleysu
 - a. Staða mála
 - b. Teikningar
4. Stefnumótun
 - a. Kynning á hugmyndum
 - b. Tímaáætlun
 - c. Ferð til Haslach
5. Önnur mál

Arnar setti fund kl. 13:30 og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina Schneider, Jóhanna E. Pálmadóttir, Helga Sigurbjörnsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Erla Ísafold Sigurðardóttir og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

Byrjað var á dagskrárlið 3. um framkvæmdir í Lönguvitleysu

Páll Líndal tók þátt í þessum dagskrárlið fyrir hönd Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur í gegnum Skype. Hann fór yfir þær hugmyndir sem verið er að skoða varðandi Lönguvitleysu og nýtingar hennar sem vinnustofur og sýningarrými fyrir textillistamenn. Í þessum hugmyndum er gert ráð fyrir viðbyggingu aftan við húsið, hún þyrfti þó ekki að koma samtímis öðrum breytingum sem nauðsynlegar eru. Farið var yfir drög að teikningum. Ákveðið var að vinna áfram að teikningum á grunni þessarar hugmynda. Í framhaldi af því yrði gerð kostnaðargreining fyrir verkefnið.

1. Ráðstöfun aukafjármagns frá Norðvesturnefndinni
 - a. Lögð var fram fjárhagsáætlun vegna þessa fjármagns. Katharina kynnti stöðu mála, skrifstofumaður hefur verið í fullu starfi fyrir Kvennaskólann frá 1. febrúar. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri í 50 % starf, Ragnheiður Björk Þórsdóttir, varðandi vefstóla, kennslu ofl. frá og með 1. ágúst. Einnig er gert ráð fyrir sérfræðiaðstoð vegna stefnumótunar. Samtals áætlað kr. 6.000.000. Einnig er gert ráð fyrir rekstrarkostnaði upp á kr. 6.500.000, m.a. vegna ýmissa tækjakaupa, námsferðar og fleira.

- b. Búið er að panta rafrænan vefstól, spurning hvornig verður með eignarhald og umsjón sem og á öðrum tækjum sem keypt eru vegna þessa fjármagns frá Norðvesturnefndinni.
 - c. Gert er ráð fyrir verkefnastjóra við listamiðstöð 2017, starfsmanni á skrifstofu í jan. og feb. og sérfræðingi í 50 % starfi. Samtals kr. 5.800.000. Einnig er gert ráð fyrir að annar rekstur verði upp á kr. 6.700.000, styrkur til Coldwaterknit, viðbætur/ innréttingar í listamiðstöð, kennslutæki, smásjá ofl.
4. Stefnumótun
- a. Arnar ræddi mikilvægi þess að markaðssetja kvennaskólatorfuna betur og nauðsyn á góðu samstarfi allra aðila til að það geti gengið. Kynntar voru hugmyndir í þessu sambandi, varðandi samræmingu opnunartíma ofl. Kynntar voru hugmyndir að skipulagi Textílseturs Íslands og Þekkingarsetursins á Blönduósi í Kvennaskólanum í samstarfi við Heimilisiðnaðarsafnið og sveitarfélögin. Starfseminni yrði skipt upp í þrjá þætti: Menningartengda ferðaþjónustu, Heimilisiðnaðarsafnið og listamiðstöð. Um er að ræða sex stöður eða 5,5 stöðugildi.
 - b. Katharinu falið að kanna hvornig þetta skipulag er framkvæmanlegt og leggja það fyrir stjórnirnar fyrir áramót. Fá þarf álit lögfræðings og starfsmanns ráðuneytisins.
 - c. Fyrirhuguð er náms- og kynnisferð til Textílmíðstöðvar í Haslach í október til að kynna sér starfsemina þar vegna frekari uppbyggingar textílmíðstöðvar á Kvennaskólatorfunni.
2. Verkefni „Coldwaterknit“
- a. Jóhanna Pálmadóttir kynnti þetta verkefni þar sem þrjónahönnun og arkitektúr er sameinuð.
 - b. Búið er að senda styrkumsókn til Nordplus. Vegna þessa verða kannaðir styrkleikar svæðisins sem kosta mun 800.000 kr. til þess að halda stórar þrjónahátíðir ofl. Því tengt. Óskað verður eftir samþykki hjá stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins um að taka þátt í verkefninu.
5. Skiltamál voru rædd og nauðsyn þess að koma upp skiltum við Kvennaskólann og einnig sem leiðarvísir í bænum.

Fleira ekki gert, fundargerð upplasin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:40.

Þóra Sverrisdóttir